

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0012
LA/MH

Efni: Tillaga að nýjum skilmálum og breytingum á afmörkun friðlýsta náttúruvættisins Hverfjall í Mývatnssveit.

Vísað er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun 4. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar er varðar stækkun náttúruvættisins við Hverfjall í Mývatnssveit. Samstarfshópur hefur unnið tillögur um nýja skilmála og breytingar á afmörkun fyrir friðlýsta svæðið við Hverfjall. Óskað er eftir ábendingum eða athugasemdum til frekari úrvinnslu málsins.

Náttúrufræðistofnun skilaði inn umsögn til Umhverfisstofnunar 25. ágúst 2021 er varðar endurskoðun friðlýsingar náttúruvættisins Hverfjalls. Þar mælir Náttúrufræðistofnun gegn breytingum á mörkum náttúruvættisins á þeirri forsendu að skerðing yrði á heildstæðri friðun öskugígsins og að ekki sé ástæða að breyta afmörkun til að skapa svigrúm fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu. Athugasemdirnar eiga enn við um tillöguna sem nú hefur verið lögð fram.

Í 1. gr. auglýsingar kemur fram að Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hafi ákveðið að endurskoða friðlýsingu náttúruvættisins Hverfjalls með samþykki landeiganda og að fengnu álitni Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar. Náttúrufræðistofnun telur þessa framsetningu villandi þar sem stofnunin hefur mælt gegn breytingum á friðlýsta svæðinu.

Breytingatillagan felur í sér að mörkum friðlýsta svæðisins verður breytt og þannig sneitt af svæðinu vestan- og norðanmegin. Í 48. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir um náttúruvætti, að friðlýsingin skuli ná til svæðis í kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín. Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að halda í jaðarsvæðið umhverfis Hverfjall til að tryggja landslagsvernd og ásýnd fjallsins, sem er einstaklega formfagur öskugígur með mjög hátt verndargildi á alþjóðlegum mælikvarða.

Tillaga að nýrri afmörkun, eða stækkun náttúruvættisins til austurs, nær að hluta yfir Strandarholt sem er móbergsmyndun frá síðasta jökulskeiði. Strandarholt er algeng jarðmyndun sem á engan hátt tengist myndun Hverfjalls en bæði fyrirbærin eru innan sprungusveims Kröfluedstöðvarinnar. Ekki er vitað til þess að verndargildi jarðminja á svæðinu austan við Hverfjall hafi verið metið. Náttúrufræðistofnun fær ekki séð að tillaga um stækkun náttúruvættisins til austurs auki verndargildi Hverfjalls þar sem viðbótin felur í sér ótengda jarðmyndun, nær ekki yfir þekktar sérstæðar jarðminjar og felur ekki í sér jarðfræðilega heild. Eins og stofnunin benti á í umsögn sinni árið 2021 væri frekar þörf á að stækka friðlýsta svæði Hverfjalls til norðurs eða norðausturs þar sem eru að finna gjóskulög (Hverfjallstúffið), ummerki öskuflóða og gróðurleifar (trjábolir og laufför) sem mynduðust í Hverfjallsgosinu.



Í tillögu að auglýsingu um náttúruvættið Hverfjall er eingöngu fjallað um verndargildi Hverfjalls. Markmið friðlýsingar er að vernda sérstæðar jarðmyndanir svæðisins og að tryggja að það nýtist ólíkum hópum til útivistar og fræðslu. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að markmið núgildandi friðlýsingar haldist óbreytt þar sem stendur „Jafnframt er það markmið með friðlýsingunni að varðveita jarðmyndanir svæðisins vegna mikils fræðslugildis og útivistargildis.“

Full ástæða er til að bæta við í auglýsinguna ákvæði um verndun landslags þar sem Hverfjall er einstaklega formfagur öskugígur. Þar sem afmörkun friðlýsta svæðisins nær eingöngu til fjallsróta getur breytt landnotkun utan við fjallið, s.s. skógrækt, frístundabyggð, hótélbyggingar o.fl., haft veruleg neikvæð áhrif á landslag friðlýsta svæðisins.

Í 14. gr. í auglýsingunni eru veiðar á mink og ref heimilaðar. Skotveiðar ættu almennt að vera bannaðar innan friðlýsta svæðisins, eins og fram kemur í gildandi auglýsingu, og eins þarf að meta vandlega hvort þörf sé á refaveiðum. Minkum ætti að halda í skefjum en á mannúðlegan hátt.

Í 16. gr. í auglýsingunni er ákvæði um endurmat á friðlýsingunni að 10 árum liðnum og tilvitnun í 44. gr. laga um náttúruvernd. Þar segir að afnám friðlýsingar eða breyting sem felur í sér að dregið er úr vernd viðkomandi náttúruminja sé aðeins heimil ef verndargildi minjanna eða svæðisins hefur rýrnað svo að forsendur eru ekki lengur fyrir friðlýsingunni eða ef mjög brýnir samfélagshagsmunir krefjast þess. Að mati Náttúrufræðistofnunar stangast núverandi tillögur um breytingar á við þetta, þ.e. verndargildi svæðisins hefur ekki rýrnað þannig að breytinga sé þörf nú. Aftur á móti felur breytingin með nýrri afmörkun í sér rýrnun friðlýsta svæðisins þar sem þrengt er að Hverfjalli að vestanverðu. Þá er ekki sterkur rökstuðningur fyrir breytingunum vegna mjög brýnna samfélagshagsmuna.

Náttúrufræðistofnun mælir áfram gegn því að mörkum náttúruvættisins Hverfjalls sé breytt og ef vilji er fyrir stækkun friðlýsta svæðisins er æskilegt að hún sé til norðurs miðað við núverandi afmörkun þar sem óneitanlega eru að finna jarðmyndanir sem tengjast Hverfjallsgosinu. Þá vill Náttúrufræðistofnun benda á skýrslu Umhverfisstofnunar frá 2004 þar sem fram koma tillögur um verndarsvæði í Skútustaðahreppi vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

